



Forsætisnefnd

Fjarfundabúnaður - minnisblað.

Fyrirspurnum til skrifstofu borgarstjórnar um notkun fjarfundabúnaðar á fundum ráða og nefnda sveitarfélagsins hefur fjölgað. Af því tilefni var tekið saman eftirfarandi minnisblað um ákvæði sveitarstjórnarlaga um slíkan búnað og þau skilyrði sem uppfylla þarf fyrir notkun hans á formlegum fundum í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar.

Í 3. mgr. 17. sveitarstjórnarlaga kemur fram að ef fjarlægðir í sveitarfélagi eru miklar eða samgöngur innan sveitarfélagsins eru erfiðar getur verið heimilt að nota fjarfundabúnað á fundum sveitarstjórnar. Skal þá mælt fyrir um slíka notkun í samþykkt um stjórn sveitafélagsins.

Þar sem um nýmæli er að ræða er töluverð yfirgripsmikil umfjöllun um ákvæðið í greinargerð með lögnum. Þar segir að í ljósi þess að sveitarstjórnir sinna mikilvægu hlutverki við stjórnun sveitarfélags er jafn réttur allra kjörinna fulltrúa til þátttöku í sveitarstjórnarfundi er mikilvægur þáttur í stjórnskipulagi sveitarfélags m.a. vegna þess lýðræðislega umboðs sem sveitarstjórnarmönnum hafa. Af þessari ástæðu er mikilvægt að um framkvæmd sveitarstjórnarfunda gildi skýrar reglur, þar á meðal hefðbundnar fundarskapareglur. Festa um framkvæmd funda er lykilatriði í þessu sambandi.

Samkvæmt gildandi lögum er sveitarstjórn ekki ályktunarhæf nema meira en helmingur kjörinna fulltrúa sé viðstaddur á fundi. Af þessu leiðir að sveitarstjórnarfulltrúi sem tekur þátt í fundi í gegnum fjarfundarbúnað telst ekki lögmætur þátttakandi í störfum fundarins en að ákvæðinu er ætlað að leyfa ákveðna undantekningu frá þessu. Af því leiðir að einungis verður heimilt að nota fjarfundarbúnað á fundum sveitarstjórna sé ákveðnum og ströngum skilyrðum fullnægt. Í ákvæðinu er þannig kveðið á um að ef fjarlægðir í sveitarfélagi eru miklar eða samgöngur erfiðar sé heimilt að nota fjarfundarbúnað. Skal þá mæla fyrir um notkun slíks búnaðar í samþykktum um stjórn og fundarsköp, tryggja skal jafna möguleika allra fundarmanna til þátttöku í fundi og afgreiðslu mála, tryggja skal óskerta möguleika þeirra sem vilja fylgjast með fundi til þess og ef við á skal enn fremur tryggja öryggi samskiptanna. Eftir atvikum gæti sveitarstjórn skipulagt fundi sína þannig að um mikilvæg trúnaðarmál yrði

ekki fjallað á fjarfundum, þ.e. ef ekki reynist unnt að tryggja viðhlítandi öryggi, heldur t.d. á öðrum hverjum fundi, þar sem öll sveitarstjórnin mundi mæta til fundar.

Tekið skal fram að orðalag ákvæðisins um að fjarlægðir séu miklar eða samgöngur erfiðar vísar til þess að aðstæður séu almennt með þeim hætti í sveitarfélaginu, e.t.v. þó árstíðabundið. Séu slíkar aðstæður fyrir hendi þá er heimildin til að nýta fjarfundarbúnað hins vegar ekki bundin við það að veður sé slæmt eða ófært að ferðast af öðrum sökum heldur telst þá heimilt að nota búnaðinn með reglubundnum hætti. Þær kröfur sem ákvæðið gerir til fjarfundarbúnaðar eru umtalsverðar. Af þeirri ástæður verður ekki séð að eðlilegt sé að gera þá kröfu að hann verði aðeins hægt að nota einu sinni til tvisvar á ári, þ.e. í þeim tilvikum þegar færð kynni að hamla fundarsókn. Þá verður einnig að taka fram að ákvæðið vísar til samgangna innan sveitarfélags. Ákvæðið verður ekki nýtt til að auðvelda sveitarstjórnarmönnum að vera fjarverandi úr sveitarfélaginu eða taka þátt í sveitarstjórnarstörfum frá öðrum löndum, svo dæmi séu tekin.

Í lok greinargerðarinnar kemur fram að leggja verður áherslu á að ákvæðið er heimildarákvæði sem aðeins verður beitt þegar aðstæður í sveitarfélagi eru í reynd erfiðar hvað samgöngur varðar eða fjarlægðir miklar. Þá verður að gera ráð fyrir að ráðuneyti sveitarstjórnarmála þurfi áður en það staðfestir samþykktir þar sem gert er ráð fyrir slíku fyrirkomulagi að afla sér glöggra upplýsinga um framkvæmd mála að þessu leyti, þar á meðal um tæknilegar útfærslur sem fyrirhugað er að nota þannig að tryggt sé að skilyrðum ákvæðisins verði fullnægt. Í ljósi þess er nauðsynlegt að taka fram að í reynd þarf að vera um fjarfundabúnað að ræða og getur farsími ekki uppfyllt þær kröfur sem gerðar eru til slíks búnaðar.

Í ljósi ofangreinds þykir ljóst að Reykjavíkurborg getur ekki uppfyllt skilyrði laganna um fjarlægðir og samgöngur. Engin ákvæði er því að finna í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar sem heimila það að fundarmadur taki þátt í fundi með notkun á fjarfundabúnaði og enn síður með því að vera í síma. Ákvæði laganna um fundi sveitarstjórnar gilda einnig um fundi í öðrum ráðum og nefndum sveitarfélagsins eins og fram kemur m.a. í 56. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar. Í lögunum kemur einnig fram, í 22. gr. að sveitarstjórnarmanni ber skylda til að taka þátt í öllum sveitarstjórnarfundum og fundum í nefndum og ráðum sem hann hefur verið kjörinn til nema lögmæt forföll hamli sbr. einnig 54. gr. samþykktarinnar. Áréttað skal þó að heimilt er að notast við fjarfundabúnað á öllum óformlegum fundum s.s. fundum starfs- og stýrihópa þar sem ekki eru teknar stjórnarsýsluákvæðanir.

Mælt er með því að forsætisnefnd samþykki að vísa minnisblaði þessu til kynningar hjá nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar.

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar

